

**202. fundur íþróttá- og tómstundaneftndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, 4. desember 2019
og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Elísabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Baldvina Karen Gísladóttir aðalmaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Gylfi Ólafsson aðalmaður.

Embættismenn:

Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Stefanía Ásmundsdóttir, .

Dagskrá:

1. Birting fylgiskjala fundargerða á vef Ísafjarðarbæjar - verklagsreglur 2018 - 2018100068

Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri, mætir til fundar til að ræða birtingu fylgiskjala með fundargerðum.

2. Verkefnalisti íþróttá- og tómstundaneftndar - 2014030027

Verkefnalisti desember 2019.

Verkefnalisti lagður fram.

3. Knattspyrna - 2019100046

Ósk knattspyrnudeildar Vestra um rekstur knattspyrnuvallar á Torfnesi sumarið 2020.

Nefndin sér sér ekki fært að verða við samningsdrögum. Nefndin leggur til að farið verði í frekari vinnu að lausn að bættu verklagi og samstarfi Ísafjarðarbæjar og Vestra knattspyrnu.

4. Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar - framtíðarsýn og tækjakostur - 2018120078

Ósk um sölu á léttvíni og bjór á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar.

Nefndin tekur jákvætt í erindið. Leggur jafnframt áherslu á að forstöðumaður skíðasvæðis virði og fari eftir þeim áherslum og lögum sem fylgja sölu á léttvíni og bjór einkum er varðar hóf og lýðheilsu. Einnig telur nefndin mikilvægt að gæta hagsmuna barna- og unglinga í tengslum við meðferð léttvíns og bjórs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Baldvina Karen Gísladóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Gylfi Ólafsson

Stefanía Helga Ásmundsdóttir